

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2007/EES/21/01		Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) – Auglýsing á almannaþjónustukvöðum á Íslandi í tengslum við rekstur áætlunarflugs á eftirfarandi flugleið: Vestmannaeyjar–Reykjavík v.v.	1
2007/EES/21/02		Rekstur áætlunarflugs – Útboðslýsing frá Íslandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins), um rekstur áætlunarflugs á eftirfarandi flugleið: Vestmannaeyjar–Reykjavík v.v.	3
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2007/EES/21/03		Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur Konungsríkinu Noregi sem lögð var fram 16. febrúar 2007 (Mál E-2/07)	7
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2007/EES/21/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4604 – CapMan/Walki Wisa) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2007/EES/21/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4635 – CNP/AVH/Club, Planet Parfum & DI) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2007/EES/21/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4642 – 3i Group/ Euro Druckservice) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2007/EES/21/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4645 – APW/ GMG/Trader Media Investments) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2007/EES/21/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4666 – KKR/ First Data) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2007/EES/21/09	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4334 – Owens Corning/Saint-Gobain Vetrotex/JV)	13
2007/EES/21/10	Ríkisaðstoð – Bretland – Málsnúmer C 7/07 (áður NN 82/06 og NN 83/06) – Meint aðstoð til fyrirtækjanna Royal Mail og POL – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	13
2007/EES/21/11	Auglýsing eftir umsóknum um leyfi til að leita að kolvatnsefnum á einu eða fleiri leitarsvæðanna/leitarsvæðisskikanna D9, D18b, E10, E14, E15b, E17c og E18b á hollenska landgrunninu	14

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins)

2007/EES/21/01

Auglýsing á almannajónustukvöðum á Íslandi í tengslum við rekstur áætlunarflugs á eftirfarandi flugleið: Vestmannaeyjar–Reykjavík v.v.

1. INNGANGUR

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (Stjtíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8-14) hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að hefja áætlunarflug samkvæmt almannajónustukvöðum frá **1. nóvember 2007** á eftirfarandi leið:

Vestmannaeyjar–Reykjavík v.v.

2. EFNIALMANNAJÓNUSTUKVAÐANNA

2.1 Lágmarksferðatíðni, sætaframboð, ferðatilhögun og ferðaáætlun

Eftirtaldar kröfur gilda út samningstímabilið, þ.e. frá 1. nóvember 2007 til og með 31. desember 2009 (2 ár og 2 mánuði).

Lágmarksferðatíðni

Lágmarksferðatíðni verður annaðhvort:

- Reykjavík–Vestmannaeyjar–Reykjavík: 14 hringferðir á viku eða
- Reykjavík–Vestmannaeyjar–Reykjavík: 14 hringferðir á viku október–maí og 21 hringferð á viku júní–september.

Bjóðendur skulu bjóða í báða valkostina.

Ferðatilhögun

- Flugferðin skal vera án millilendinga.

Ferðaáætlun

- Fyrsta brottför frá Reykjavík kl. 7:00 eða seinna.

Sætaframboð

- Krafist er 30 sæta flugvélar í hverja ferð í báðar áttir.

2.2 Krafa um loftför

- Flugvélar með hverfihreyflum og skal fjöldi farþegasæta vera að lágmarki 30.

Athygli skal vakin á tækni- og rekstrarlegum skilyrðum sem eiga við viðkomandi flugvelli.

2.3 Fargjöld

- Fargjald fullorðinna fyrir forgangssæti skal vera aðra leiðina að hámarki **kr. 7.180** að viðbættum flugvallarskatti og tryggingagjaldi (verðlag janúar 2007).
- Félagslegir afslættir skulu veittir í samræmi við það sem almennt gildir.
- Verð á farmiðum er heimilt að lagfæra miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs, þó ekki oftar en á 6 mánaða fresti.

2.4 Samfelld þjónusta

Flugferðir, sem falla niður vegna ástæðna sem rekja má til flugrekanda, mega ekki fara yfir 1% af áætluðum flugferðum á ársgrundvelli.

2.5 Samstarfssamningar

Eftirfarandi skilyrði gilda um tengiflug eftir að einkaleyfi er veitt á áætlunarleiðinni Vestmannaeyjar–Reykjavík v.v.:

Fargjöld

- Öll fargjöld tengiflugs annarra flugrekanda á öðrum áætlunarleiðum skulu boðin öllum flugrekendum á sama verði. Undanþegin þessu ákvæði skulu fargjöld tengiflugs flugrekanda en þau skulu vera að hámarki 40% af verði forgangssætis.

Skilyrði tengiflugs

- Öll skilyrði sett af flugrekanda um tengiflugsfarþega frá öðrum flugrekendum, þ.m.t. tengitími og innritunartími farþega og farangurs, skulu vera sanngjörn og án samkeppnishömlunar.

3. FREKARI UPPLÝSINGAR VEITIR:

Ríkiskaup
Borgartúni 7
Pósthólf 5100
IS-125 Reykjavík
ÍSLAND
Sími: (354) 530 1400
Bréfasími: (354) 530 1414

Rekstur áætlunarflugs

2007/EES/21/02

Útboðslýsing frá Íslandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins), um rekstur áætlunarflugs á eftirfarandi flugleið: Vestmannaeyjar–Reykjavík v.v.

1. INNGANGUR

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:31992R2408:EN:HTML>) hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að hefja styrkt áætlunarflug samkvæmt almannaþjónustukvöðum á eftirtalinni flugleið með gildistöku frá 1. nóvember 2007. Skilyrðin, sem bundin eru almannaþjónustukvöðum á þessari leið, voru birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 99, 3.5.2007, og EES-viðbæti við Stjtið ESB nr. 21, 3.5.2007.

Vestmannaeyjar–Reykjavík v.v.

Ef ekkert flugfélag hefur hafið áætlun eða lagt fram áætlun til samgönguráðuneytisins 4 vikum fyrir gildistöku fyrirhugaðs samnings frá 1. nóvember 2007, í samræmi við almannaþjónustukvaðir á ofangreindri leið, án þess að fara fram á bótageiðslur eða markaðsvernd, hafa íslensk stjórnvöld ákveðið, í samræmi við málsmeðferðina í d-lið 1. mgr. 4 gr. reglugerðarinnar að takmarka aðganginn að þessari leið við aðeins eitt flugfélag og bjóða út í almennu útboði réttinn til þess að veita þessa þjónustu í 2 ár og 2 mánuði frá 1. nóvember 2007.

2. Markmið útboðsins

Markmið útboðsins er að tryggja áætlunarflug á eftirtalinni leið:

Vestmannaeyjar–Reykjavík v.v.

frá 1. nóvember 2007 í samræmi við almannaþjónustukvaðir, eins og auglýst var í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 99, 3.5.2007.

3. Réttur til að gera tilboð

Allir flugrekendur með gilt flugrekstrarleyfi útgefið í aðildarríki, samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum, geta gert tilboð (<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:31992R2407:EN:HTML>).

4. Útboðstilhögun

Útboðið fer fram í samræmi við d-, e-, f-, g-, h- og i-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

Ríkiskaup, fyrir hönd Vegagerðarinnar, áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum. Tilboðum, sem berast of seint, og tilboðum, sem eru ekki í samræmi við útboðslýsinguna, verður hafnað.

Ríkiskaup, fyrir hönd Vegagerðarinnar, áskilur sér rétt til að hefja samningaviðræður um rekstur á ofangreindri áætlunarleið ef engin gild tilboð berast eða ef eftir skilafrest tilboða kemur í ljós að um einungis einn bjóðanda er að ræða eða að ekkert tilboð hefur borist. Slíkar samningaviðræður skulu vera í samræmi við almannaþjónustukvaðir á ofangreindri leið og án þess að veigamiklar breytingar verði á útboðsskilyrðum.

Tilboð skulu vera á íslensku eða ensku.

Tilboðið er bindandi fyrir bjóðanda þar til úthlutun hefur farið fram, þó ekki lengur en í 12 vikur frá opnun tilboða.

5. SAMNINGUR

Samið verður við þann bjóðanda sem býður lægstu fjárhæð til að sinna þjónustunni út samningstímann, 1. nóvember 2007 til 31. desember 2009.

6. ÚTBOÐSGÖGN

Útboðsgögn, sem innihalda útboðs- og verklýsingu og tilboðsform (islensk lög um framkvæmd útboða í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 sem uppfylla kröfur samkvæmt almannþjónustukvöðum), fást keypt hjá:

Ríkiskaup
Borgartúni 7
Pósthólf 5100
IS-125 Reykjavík
ÍSLAND
Sími: (354) 530 1400
Bréfasími: (354) 530 1414
Netfang: utbod@rikiskaup.is

Verð útboðsgagna er ISK 3.500.

Bjóðendur geta einnig nálgast útboðsgögnin endurgjaldslaust á heimasíðu Ríkiskaupa (www.rikiskaup.is).

7. STYRKFJÁRHÆÐ OG VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

Í tilboðinu skal tilgreina þá fjárhæð bóta í íslenskum krónum sem krafist er fyrir eina áætlunarferð (hringferð) í samræmi við þá fjárhæð bóta sem krafist er fyrir 2 ára og 2 mánaða tímabil sem hefst 1. nóvember 2007. Tilboðin skulu grundvallast á því verðlagi sem er á opnunardegi tilboða. Þá skal einnig gefin upp rekstraráætlun fyrir tólf mánaða tímabil. Þessar upplýsingar skal færa inn á blöð sem munu fylgja útboðsgögnum, ásamt þeim gögnum sem lýst er í útboðslýsingu.

Verðlagsákvæði

Allar fjárhæðir skulu miðaðar við verðlag á opnunardegi tilboða.

Tilboðsfjárhæð bóta fyrir eina áætlunarferð (hringferð) eins og hún er á opnunardegi tilboða verður verðbætt 1. janúar 2008 og gildir sú fjárhæð frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2008. Fjárhæð bóta fyrir tímabilið 1. janúar 2009 til 31. desember 2009 skal verðbæta í byrjun tímabils. Verðbreytingar skulu vera sem hér segir:

- a) Eldsneytiskostnaður
1% breyting á verði flugvélaeldsneytis, JET A-1, breytir samningsverðum um 0,2%
- b) Annar rekstrarkostnaður
1% breyting á visitölu neysliverðs breytir samningsverðum um 0,8%

Um gjaldskrárbreytingar gildir eftirfarandi: Flugrekandi getur óskað eftir endurskoðun á gjaldskrá, þó ekki oftari en á 6 mánaða fresti, og skal þá höfð hliðsjón af þróun verðlags í samræmi við ofangreind ákvæði.

Flugrekandinn heldur eftir öllum tekjum af starfsemi vegna áætlunarleiðarinnar, og ber jafnframt fulla ábyrgð á útgjöldum sem af hljótast. Ef miklar og ófyrirséðar breytingar verða á forsendum samnings á samningstímanum getur flugrekandi krafist endurskoðunar á samningsfjárhæðinni.

8. FARGJÖLD

Bjóðendur skulu tilgreina í tilboði sínu farmiðaverð og skilmála þeirra. Farmiðaverð skal vera í samræmi við almannþjónustukvaðir, eins og auglýst var í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 99, 3.5.2007.

9. SAMNINGSTÍMI, BREYTINGAR OG UPPSÖGN SAMNINGS

Samningstími er frá 1. nóvember 2007 og til 31. desember 2009.

Skoðun á framkvæmd samningsins skal fara fram í samstarfi við flugrekandann á síðustu 6 vikum samningstímans.

Ekki er heimilt að breyta samningnum nema breytingarnar séu í samræmi við almannajónustukvaðirnar. Allar breytingar á samningnum skulu skráðar í viðbæti við hann.

Flugrekandi og verkkaupi geta sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.

10. VANEFNDIR/UPPSÖGN SAMNINGS

Ef annar samningsaðilinn vanefnir á verulegan hátt samningsskyldur sínar getur hinn aðilinn tafarlaust sagt upp samningi.

Flugrekandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við almannajónustukvaðir svo sem fram kemur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins C 99, 3.5.2007*, og ákvæði útboðslýsingar. Verði vanefndir á þeim er Vegagerðinni heimilt að fella niður greiðslur vegna þess sem vanefnt hefur verið.

Verði um verulegt samningsbrot að ræða og/eða vanefndir eða við greiðslustöðvun eða gjaldþrot flugrekanda getur Vegagerðin tafarlaust sagt samningi upp.

Vegagerðinni er heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandi missir eða fær ekki endurnýjað flugrekendaskírteini sitt.

Ef flugrekandinn hefur ekki getað staðið við samninginn af ástæðum sem flugrekandi einn getur haft áhrif á er heimilt að lækka greiðslur í hlutfalli við flugferðir sem ekki eru farnar. Flugferðir, sem falla niður vegna ástæðna sem rekja má til flugrekanda, mega ekki fara yfir 1% af áætluðum flugferðum á ársgrundvelli.

11. FLUGKÓÐI

Flugið getur ekki borið annan flugkóða en flugkóða bjóðanda og getur ekki verið hluti af neins konar flugkóðasamningi.

12. SKILADAGUR TILBOÐA

Tilboð skulu send með ábyrgðarpósti, þar sem kvittun fyrir póstsendingu verður notuð sem sönnun fyrir afhendingu, eða afhent í móttöku Ríkiskaupa. Tilboð skulu berast Ríkiskaupum eigi síðar en 11. júní 2007 fyrir kl. 11:00, og kl. 11:00 11. júní 2007 verða tilboðin opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Tilboð, sem berast eftir kl. 11 hinn 11. júní 2007, verða ekki opnuð.

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi á eftirfarandi heimilisfang:

Ríkiskaup
Borgartúni 7
IS-105 Reykjavík
ÍSLAND
Sími: (354) 530 1400
Bréfasími: (354) 530 1414
Netfang: utbod@rikiskaup.is

Umslög, sem tilboðin eru í, skulu auðkennd á eftirfarandi hátt:

Ríkiskaup
Útboð nr. 14148
Áætlunarflug til Vestmannaeyja
2007–2009
(Umslög skulu merkt bjóðendum)

13. GILDISTÍMI ÚTBOÐSLÝSINGAR

Þessi útboðslýsing gildir svo fremi sem EES-flugfélag ⁽¹⁾ tilkynni ekki samgönguráðuneytinu 4 vikum áður en fyrirhugaður samningur á að taka gildi eða fyrr, að hann muni hefja áætlunarflug sem samsvari lýsingu útboðsins á almannajónustukvöðum á viðkomandi flugleið án þess að krefjast bótagreiðslna eða markaðsverndar.

⁽¹⁾ Með EES-flugfélagi er átt við bandalagsflugfélag eða flugfélag með gilt rekstrarleyfi sem gefið er út af EFTA-ríki sem aðild á að EES-samningnum í samræmi við gerðina sem um getur í lið 66b í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr.

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur Konungsríkinu Noregi sem lögð var fram 16. febrúar 2007

2007/EES/21/03

(Mál E-2/07)

Hinn 16. febrúar 2007 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur Konungsríkinu Noregi; í fyrirsvari eru Niels Fenger, Arne T. Andersen og Lorna Young, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að með því að fella ekki úr gildi reglur, sem er að finna í *Lov av 28. juli 1949 nr. 26 om Statens Pensjonskasse* og varða lífeyrisréttindi sem áunnist hafa á grundvelli starfstímabíla sem hófust eftir 1. janúar 1994, en samkvæmt þeim er eftirlífendalífeyrir ekkils eftir eiginkonu, sem öðlaðist aðild að lífeyrissjóði ríkisins fyrir 1. október 1976, skertur í samræmi við aðrar tekjur hans, en ekkja, sem býr við sömu aðstæður, fær eftirlífendalífeyrinn óskertan, hafi Konungsríkið Noregur vanefnt skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. 69. gr. EES-samningsins og 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 20. lið XVIII. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 86/378/EBE frá 24. júlí 1986 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina*, með áorðnum breytingum samkvæmt *tilskipun ráðsins 96/97EB frá 20. desember 1996*), auk aðlögunarákvæða í bókun 1 við samninginn.
2. Dómstóllinn dæmi Konungsríkið Noreg til greiðslu málskostnaðar.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:

- Málið varðar reglur sem kveðið er á um í norskum lögum um lífeyrissjóð ríkisins, og varða lífeyrisréttindi ekkils eftir eiginkonu sem öðlaðist aðild að lífeyrissjóði ríkisins fyrir 1. október 1976, en samkvæmt þeim gildir eftirfarandi:
 - Eftirlífendalífeyrir ekkils er skertur í samræmi við aðrar tekjur hans.
 - Ekkja, sem býr við sömu aðstæður, fær eftirlífendalífeyrinn óskertan.
- Í 1. mgr. 69. gr. EES-samningsins er kveðið á um að karlar og konur skuli hljóta jöfn laun fyrir jafna vinnu.
- Í 5. gr. gerðarinnar, sem um getur í 20. lið XVIII. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 86/378/EBE frá 24. júlí 1986*) er mælt fyrir um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti að því er varðar almannatryggingakerfi einstakra starfsgreina.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/21/04

(Mál COMP/M.4604 – CapMan/Walki Wisa)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. apríl 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem finnska fyrirtækið Ramvais Oy, sem tilheyrir finnsku samsteypunni CapMan, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í finnska fyrirtækinu Walki Wisa Oy, þýska fyrirtækinu Walki Wisa GmbH og breska fyrirtækinu Walki Wisa Ltd (einu nafni „Walki Wisa“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CapMan: samsteypa sem fjárfestir í óskráðum félögum (hefur að hluta yfirráð í fyrirtækinu A&R Carton sem framleiðir brotnar pappaubúðir)
 - Walki Wisa: framleiðir umbúðir og samsett efni til iðnaðarnota, meðal annars þéttþappa (e. *barrier board*)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 94, 28. apríl 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4604 – CapMan/Walki Wisa, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2007/EES/21/05****(Mál COMP/M.4635 – CNP/AVH/Club, Planet Parfum & DI)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. apríl 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgísku fyrirtækin Compagnie Nationale à Portefeuille („CNP“) og Ackermans & van Haaren Group („AVH“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í belgísku fyrirtækjunum Planet Parfum og Club, sem eru nú að fullu undir yfirráðum CNP, auk starfsemi belgísku samsteyppunnar Delhaize á sviði smásöluverslunar með heilsu- og snyrtivörur undir vörumerkinu DI.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CNP: kaup og sala orku, smásöluverslun, markaðssetning hrávöruefna og steinefna, matvæli, vínrækt og fjölmiðlarekstur
 - AVH: mannvirkjagerð og byggingastarfsemi, fasteignastarfsemi, fjármálaþjónusta og fjárfestingar í óskráðum félögum
 - DI: smásöluverslun með lyfjabúðarvörur, heilsuvörur og snyrtivörur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 99, 3. maí 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4635 – CNP/AVH/Club, Planet Parfum & DI, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4642 – 3i Group/Euro Druckservice)**

2007/EES/21/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. apríl 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið 3i Group („3i“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í þýska fyrirtækinu Euro Druckservice AG („EDSA“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - 3i: sjóður sem sinnir fjárfestingum í óskráðum félögum og framtaksfjárfestingum
 - EDSA: offsetprentun
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 94, 28. apríl 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4642 – 3i Group/Euro Druckservice, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2007/EES/21/07****(Mál COMP/M.4645 – APW/GMG/Trader Media Investments)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. apríl 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fjárfestingasjóðir undir yfirlýðingum breska fyrirtækisins Apax Partners Worldwide LLP („APW“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirlýðingum í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í breska fyrirtækinu Trader Media Investments Limited („TMIL“) sem er nú að fullu undir yfirlýðingum hins breska Guardian Media Group Plc („GMG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - APW: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
 - GMG: dagblaða- og tímaritaútgáfa; rekstur hljóðvarps og lýðnetsfyrirtækja
 - TMIL: smáauglýsingar á bílum í tímaritum og lýðnetsmiðlum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 100, 4. maí 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4645 – APW/GMG/Trader Media Investments, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4666 – KKR/First Data)**

2007/EES/21/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. apríl 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Kohlberg Kravis Roberts & Co („KKR“) öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í bandaríska fyrirtækinu First Data Corporation („First Data“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KKR: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - First Data: lausnir á sviði rafrænna viðskipta og rafrænna greiðslna
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 100, 4. maí 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4666 – KKR/First Data, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4334 – Owens Corning/Saint-Gobain Vetrotex/JV)**

2007/EES/21/09

Frankvæmdastjórn Evrópubandalaganna barst 19. mars 2007 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækjanna Owens Corning og Compagnie de Saint-Gobain. Tilkynnendur afturkølluðu tilkynninguna 23. apríl 2007.

Ríkisaðstoð – Bretland

2007/EES/21/10

**Málsnúmer C 7/07 (áður NN 82/06 og NN 83/06) – Meint aðstoð til fyrirtækjanna
Royal Mail og POL**

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans

Frankvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Bretlandi með bréfi dagsettu 21. febrúar 2007 að ákveðið hefði verið að hefja rannsókn á tilteknum ráðstöfunum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.

Frankvæmdastjórnin ákvað að hreyfa ekki andmælum við tilteknum öðrum ráðstöfunum.

Frestur hagsmunaaðila til að koma á framfæri athugasemdum um ráðstafanirnar, sem frankvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar, er einn mánuður frá því að tilkynningin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 91, 26.4.2007. Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
SPA 3 6/5
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Bretlandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Auglýsing eftir umsóknum um leyfi til að leita að kolvatnsefnum á einu eða fleiri leitar-
svæðanna/leitarsvæðisskikanna D9, D18b, E10, E14, E15b, E17c og E18b á hollenska
landgrunninu**

2007/EES/21/11

Efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til að leita að kolvatnsefnum á leitarsvæðunum/leitarsvæðisskikunum D9, D18b, E10, E14, E15b, E17c og E18b sbr. kortið sem birt er í 3. viðauka við námareglugerð („Mijnbouwregeling“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002).

Með hliðsjón af 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾ auk birtingar-ákvæða 15. gr. námalaga („Mijnbouwwet“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002), auglýsir efnahagsráðherra eftir umsóknum um leyfi til að leita að kolvatnsefnum á leitarsvæðunum/leitar-
svæðisskikunum D9, D18b, E10, E14, E15b, E17c og E18b.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatsblad* nr. 542, 2002). Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 88, 22.4.2007) og ber að senda þær efnahagsráðherra: de Minister van Economische Zaken, ter attentie van de directeur Energiemarkt („persoonlijk in handen“), Bezuidenhoutseweg 30, te Den Haag, Nederland. Umsóknir sem berast eftir að fresturinn rennur út verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar fást í síma (31-70) 379 7382.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 164, 30.6.1994, bls. 3.